

96. fundur skráningarráðs haldinn 10. desember 2015 kl. 9-11.15 í húsakynnum Landskerfis bókasafna.

Fundarmenn: Áslaug Þorfinnsdóttir, Hallfríður Hr. Kristjánsdóttir, Rósa S. Jónsdóttir (formaður) og Þóra Sigurbjörnsdóttir (fundarritari).

Auk þess sátu fundinn Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri Gegnis, Sigrún Hauksdóttir þróunarstjóri Landskerfis bókasafna, Magnhildur Magnúsdóttir verkefnisstjóri RDA innleiðingar og Jökull Sævarsson skrásetjari á Lbs-Hbs.

1. Fundargerð síðasta fundar var yfirfarin og samþykkt með örlitlum breytingum.

2. Skráning útgáfuárs fjölbindaverka

Erindi frá Hildi; Í Gegni hefur verið venja að greina fyrsta og síðasta útgáfuár fjölbindaverka, óháð fjölda binda og útgáfuára. Með því móti er undir hælinn lagt hvort færslan inniheldur upplýsingar um útgáfuár allra bindanna.

Tillaga að breyttu verklagi:

Við skráningu fjölbindaverks ber að skrá útgáfuár allra binda verksins. Gleggst er að endurtaka deilisvið c í sviði 264 (260). Nota má athugasemdasvið, 500 eða 505 eftir atvikum ef útgáfuárin eru fleiri en heppilegt þykir að greina í sviði 264 (260).

Fundarmenn ekki sammála þessari aðferð, ef þörf er á að greina útgáfuár einstakra binda fjölbindaverks skal gera það í athugasemdasviði og/eða lýsingu eintaks.

3. Kortahópur - lokaskjal

Jökull Sævarsson fór yfir lokaskjal kortahóps skráningarráðs sem hann og Hildur Gunnlaugsdóttir skipa. Fundarmenn lýstu yfir ánægju með skjalið sem er mjög greinargott og nákvæmt og þökuðu kortahópi góða vinnu. Skjalið var samþykkt með örfáum athugasemdum og verður það birt í Handbók skrásetjara.

4. Önnur mál

Hallfríður lagði fram erindi frá bókahópi um hvort óhætt væri að fella 530 og 583 út úr Handbók skrásetjara. Samþykkt að taka 530 út en bíða með 583 þar til öruggt væri að það væri hvergi notað.

Hallfríður lagði einnig fram erindi frá kvikmyndahópi þar sem lagt er til að kóðun á tungumálum í 041 verði gerð að lágmarksskráningu. Ekki samþykkt að gera að kröfu en mælt skal með að kóða tungumál í 041.

Einnig leggur kvikmyndahópur til að allar kvikmyndir verði skráðar á titil, bæði leiknar myndir og heimildamyndir. Samþykkt.

Hildur ræddi um notkun síðari vísa 0 og 3 í sviði 264. Síðari vísi 0 á að nota fyrir óútgefið efni en 3 fyrir framleiðslu. Hvað er t.d. námsritgerð, prentuð en óútgefin eða leikrit, óútgefið handrit. Skoða betur fyrir næsta fund.

Næsti fundur er boðaður 7. janúar 2016 kl. 9-11